

10 ÁRA

GRUNDASKÓLI



AFMÆLISBLAÐ

GEFIÐ ÚT 19. OKTÓBER 1991

Bókasafn
Grundaskóla

1981-1991



Enginn venjulegur klúbbur - enginn venjulegur banki!

MEÐ ÞÉR - FYRIR ÞIG!

Nú kynnis Íslandsbanki sérstakan klúbb sem heitir Unglingaklúbbur Íslandsbanka, UK-17. Hann boðar nýja tíma í fjármálaþjónustu fyrir sjálfstætt ungt fólk.

Klúbburinn er sérstakur að þörfum þess og býður upp á möguleika og þjónustu sem 13-17 ára unglingum hefur ekki staðið til boða áður.

UK-17 er því enginn venjulegur klúbbur.

Ef þú gerist meðlimur í UK-17 býðst þér fjölbreytt þjónusta þar sem starfsfólk Íslandsbanka vinnur með þér og fyrir þig.

Þetta færðu í UK-17:

VASAKORT

Þú færð afhent Vasakort sem gengur í 25 Hraðbanka og gildir einnig sem sérstakt klúbbskírteini.

HRAÐBANKAR

Í Hraðbankanum, sem opinn er allan sólarhringinn, getur þú tekið út, lagt inn og skoðað stöðuna á Vasakortareikningnum þínum.

REGLUBUNDINN VASAPENINGUR

Þú getur geymt peningana þína á Sparileið 2 sem ber góða vexti og samið um að ákveðin upphæð sé millifærð vikulega á Vasakortareikninginn þinn.

RÁÐGJÖF

Þú nýtur aðstoðar hjá þjónustufulltrúum bankans um ýmis mál sem tengjast fjármálum.

DAGBÓK

Þú færð skemmtilega dagbók og penna við inngöngu í UK-17. Dagbókin nýtist þér vel í skóla og við skipulagningu fjármála þinna.

TILBOÐ!


Ef þú leggur inn 5.000 krónur eða meira við inngöngu í UK-17 færðu, auk alls annars, hljóðsnældu með 12 íslenskum stuðlögum.

Þú sækir um aðild að UK-17 í næsta Íslandsbanka.

Komdu í klúbbinn, við eigum ábyggilega vel saman!

UK - 17

Unglingaklúbbur Íslandsbanka
Með þér-fyrir þig!



RITSTJÓRN:

Birgir Einarsson
Sveinn Kristinsson
Sigtryggur Karlsson

PRENTUN

Prentverk Akraness

UMSJÓN AUGLÝSINGA

Nemendur 10. bekkja
Guðbjartur Hannesson

HÖNNUN/UPPSETNING OG PRÓFARKALESTUR

Ritstjórn

Unnið í Grundaskóla
á Macintosh SE 2/40
Sett á 10 p. Helvetica
í forritunum MacWrite,
Page Maker, Microsoft
Word og Free Hand.

RITSTJÓRNARSPJALL

1981 - 6. OKT. - 1991

Ágætu lesendur!

Starfslið Grundaskóla hefur á undanförunum vikum unnið að undirbúningi afmælishalds í tilefni 10 ára afmælis skólans. Margar hugmyndir hafa komið fram um framkvæmd og innihald þess sem til hátíðabrigða mætti verða og er útgáfa þessa blaðs ein þeirra hugmynda. Nú telst útgáfa af þessu tagi varla frumleg hugmynd. Hún hefur þó þann kost að með útgáfu svona blaðs er ýmsu komið á prent sem annars lægi meira og minna óbætt hjá garði. Við útgáfu sem þessa skila margir óeigingjörnu starfi. Má þar til nefna starfsmenn skólans og marga íbúa Akraness. Þó eru nemendur aðal uppistaða blaðsins því án þeirra væri skólinn hismið eitt án alls kjarna og innihalds. Á þetta er eðlilegt að benda því framlag þeirra kemur að miklu leyti óbeint fram þar sem fjárhagur útgáfunnar reisir skorður við blaðstærðinni. Þarna er einnig um ritstjórnarstefnu að ræða. Ritstjórn taldi eðlilegt að leggja fyrst og fremst áherslu á sögulegar upplýsingar af ýmsum toga. Þar er um að ræða byggingarsögu, sögu innra starfs og framkvæmd skólastefnu ásamt minningum og umræðum fyrstu útskriftarnemenda skólans og er þó ekki allt upp talið. Er það von þeirra sem hlut eiga að máli að lesendur verði nokkru nær um starfsemina innan veggja Grundaskóla í fortíð, nútíð og framtíð. Að lokum viljum við þakka þeim sem hafa styrkt þessa útgáfu og gert hana mögulega.

Með hátíðarkveðju
Ritstjórn og starfslið Grundaskóla

MJÓLK
ER

16759462
372.05 Púl 1991;2

Púlsinn :
Afmælisblað

Grundaskóli

„Framtíð þjóðar okkar er í æskufólkinu . . .“

AFMÆLISKVEÐJA FRÁ SNORRA ÞORSTEINSSYNI, FRÆDSLUSTJÓRA VESTURLANDS

Á þessu ári minnst Grundaskóli 10 ára starfs. Hinn 6. október 1981 komu fyrstu nemendurnir í skólann til náms og þar með hófst saga merkrar og sérstæðrar menntastofnunar sem á skömmum ferli hefur markað spor og vakið athygli fyrir sérstæð og vönduð vinnubrögð og nýjungar í skólastarfi.

Þetta hefur gerst þrátt fyrir að skólinn hefur löngum búið við takmarkað húsrými, en máské hefur það stutt og eflt starf hans að fólk þurfti að taka meira tillit hvert til annars í hinu þrönga sambýli og fór um leið ósjálfrátt að bera meiri ábyrgð á náunga sínum - gæta bróður síns betur. Að sjálfsögðu er þetta engin skýring.

Skólanum voru í upphafi sett skýr markmið og ákveðið skipulag og allir lögðu sitt að mörkum til að ná þessum markmiðum þó að þeir þyrftu að hugsa margt upp á nýtt og laga eldri reynslu að nýjum aðstæðum. Þetta kostaði íhugun, efasemdir, gagnrýni og endurmat en fyrst og fremst vinnu - vinnu sem ekki var bundin viðverunni í skólanum, ekki skilin eftir á kennaraborðinu eða í vinnustofu kennara en fylgdi fólki hvert sem það fór - jafnvel í draumalönd svefnsins. En þessu mikla starfi fylgdi gleði - gleði þess sem byggir upp, skapar nýtt og finnur um leið að starfið og skólinn hefur eignast annað og stærra rúm í hug hans og hjarta en venjulegur vinnustaður. Með sama hætti og starfsmaðurinn hefur ofið sinn þátt í hinn margslungna vef skólastarfsins

er skólinn orðinn snar og dýrmætur þáttur í lífi hans og tilveru.

Þetta á við um kennarastarfið hvar sem er, sé það rækt af þeirri alúð sem nauðsynleg er til árangurs, en hvergi betur en þar sem nýr skóli byggir upp frá grunni.

Þessi áfangi er kærkominn sjónarhóll til þess að líta yfir gengna slóð, gera sér grein fyrir því hversu vel hefur tekist að ná settum markmiðum og hvers þarf helst við í þeirri göngu sem framundan er til nýrra og stærri markmiða. Sú leið sem stefnir til framfara og betri árangurs er alltaf á fótinn og reynir bæði á þrek og þol, polinmæði og kjark.



Framtíð þjóðar okkar er í æskufólkinu sem skólarnir búa nú undir að bera merki hennar inn í tuttugustu og fyrstu öldina. Á þekkingu þessa fólks, hugviti þess og frumkvæði að leita nýrra leiða og betri úrræða, mun byggjast gengi hennar og árangur í atvinnu- og efnahagsmálum og þar með lífskjörin. Á viðhorfi þessa fólks veltur það hvort

hér dafnar framvegis sjálfstæð íslensk menning, grundvölluð á þjóðlegum arfi sögu og bókmennta á eigin tungu. Hæfileikar og geta þessa fólks á sviði vísinda og lista munu ráða úrslitum um það hvort þjóðin getur, vegna afreka sem standast mál í þessum greinum, með réttu skipað sér á bekk meðal fremstu menningarþjóða heims. Þessar staðreyndir undirstrika það að hlutverk skólanna er stórt, verkefnið margþætt og margs að gæta þegar miðla þarf þekkingu og þjálfun, veita stuðning og leiðsögn sem dugir til þess að allir, án tillits til hvaða hæfileikar þeim hafa verið gefnir, geti fengið það veganesti sem ekki bregst, hvort sem lífssiglingin býður upp á leiði eða barning, og er allt í senn, kjölfesta, segl og akkeri.

Með því að slá skjaldborg um skólann, styrkja hann og efla og bæta aðstöðu þeirra er þar starfa og stunda nám, er verið að leggja það gull í löfa framtíðarinnar sem mestum og bestum arði mun skila og lengst sjá stað.

Á þessum merkisdegi sendi ég Grundaskóla, stjórnendum hans og starfslíði, nemendum skólans og aðstandendum þeirra, hverjum og einum og öllum sameiginlega, einlæggar kveðjur með þakklæti fyrir farsæl störf og ósk um þróttmikið og árangursríkt starf til heilla og heiðurs skóla og bæjarfélagsi um ókomin ár.

Gæfa og Guðs blessun fylgi Grundaskóla í lengd og bráð.

Snorri Þorsteinsson

Grundaskóli 10 ára - gamall skóli

AFMÆLISÁVARP GÍSLA S. EINARSSONAR, FORSETA BÆJARSTJÓRNAR AKRANESS

Fyrirsögnin segir ef til vill all nokkuð um það sem þessu stutta ávarpi er ætlað að segja. Frá þeim tíma sem undirritaður var í skóla eru liðin mörg ár en skammur tími. Það er nefnilega afstætt allt með aldur og langan tíma, það fer eftir hver í hlut á og hver metur.



Ég hygg að þeim nemendum sem útskrifast hafa úr Grundaskóla þyki tíminn frá fyrsta bekk þar til að útskrift lauk nokkuð langur tími, en innan skamms þá munu þessi ár standa ljóslifandi í minningunni sem örfleyg stund.

Þegar hafist var handa um byggingu Grundaskóla var orðin gífurleg þörf fyrir aukið skólarými. Barnaskóli Akraness, nú Brekkubæjarskóli var ofsetinn og raunar liðinn of langur tími frá síðustu framkvæmdum í skólabyggingum, þannig að mikið vantaði á til að fullnægja þörfum þess skólakerfis sem við nú búum við. Skóli og skólastarfi er hluti af lífinu.

Skólinn gefur einstaklingnum lífsýn og viðhorf sem munu fylgja honum alla ævi. Okkar íslenska þjóðfélag þarfnast þess að skólinn samofinn þjóðfélaginu hafi gát á þeim miklu möguleikum sem blunda í hverjum nemanda.

„Eitt það mikilvægasta sem skóli og foreldrar ættu að leggja áherslu á er samskiptahæfni einstaklingsins.“

Skólanum er ætlað að gera einstaklinginn sem hæfastan til að leysa viðfangsefni bæði verkleg og fræðileg. Það er mikilvægt að skólinn og foreldrarinn nái saman um uppeldi barna, þannig að þau verði fær um að geta unnið af einbeitni og

„Ég álit að framtíð Grundaskóla sé björt“

náð árangri á fullorðinsárum. Það er ljóst að kennsla er mikilvæg og

námssgreinar styðja hverjar aðra. Eitt það mikilvægasta sem skóli og foreldrar ættu að leggja áherslu á er samskiptahæfni einstaklingsins. Ef ekki næst að þróa þann eiginleika eru vandamálafljöll framundan í lífi einstaklingsins.

„Þess vegna á að taka upp kennslu í fjármunafræði“

Ég vil nota tækifærið til að koma á framfæri einu af því sem ég tel að ætti að koma á sem skyldu í tveimur síðustu bekkjum grunnskóla. Það er kennslugrein í meðferð fjármuna. Ástæðan fyrir þessum hugsunum er sú staðreynd að alltof margar ungar fjölskyldur hafa lent á vonarvöl vegna skulda sem þær hafa ekki staðið undir. Aðgengi að fjármunum er það mikið að auðvelt er að reisa sér hurðarás um öxl. Þess vegna á að taka upp kennslu í fjármunafræði. Ég álit að framtíð Grundaskóla sé björt. Fljótlega mun hafist handa um áframhald byggingaframkvæmda. Bæjaryfirvöldum er vel ljós sá þröngi kostur sem kennarar og starfslíð skólans býr við, skeleggir málsvarar skólans minna á það svo ekki verður um villst. Heillaóskir munu fylgja þessu stutta ávarpi að lokum með tíu ára afmælið í ekki langri en merkri sögu Grundaskóla.

ÞÚ TRYGGIR EKKI EFTIRÁ

SJÓVÁLDMENNAR
SJÓVÁ-ALMENNAR tryggingar hf., Suðurlandsbraut 4 og Síðumúla 39

Til hamingju með
10 ára afmæli
Grundaskóla

Nýjar og fallegar
skólavörur á
hagstæðu verði

Diskettur - Tölvupappír

Skólaritvélar - Reiknivélar

BÓKASKEMMAN
STEKKJARHOLT 8-10 - SÍMI 93-12840

Skólabúðir í Reykjaskóla




Mamma min sé litla krafta jötunn er
Tekur blóma vasa sé allir fer sér vel

4MB
Guðni Lára
Alfredsson



David 4MB



SKÓLINN ... daglegt líf ...

Fuglinn

Fuglinn flýgur um loftin blá.

Finnur héra og stór tá.

Ýmislegt skeður þá.

Þessu skal ég segja frá.

Hreinn Elíasson, 4. MB



Þórir Björn Lúðvíksson 8LA



Hreinn 4. MB

„Foreldrar fóru fljótt að gera eitthvað“

Hvernig var ástandið í skólanum fyrsta árið?

Steinn: Best að láta Ellu svara þessu. Ég kom mjög lítið nærri skólanum í byrjun.

Ella: Fyrsta árið hér þá var Dódó í 3. bekk. Þá var stofan hennar á miðsvæðinu. Það var engin eiginleg kennslustofa komin þá fyrir hennar bekk.

Var eitthvað farið að ræða það í upphafi að skólinn myndi fara nýjar leiðir í starfsháttum?

Steinn: Já, já. Þegar Dódó byrjar 7 ára þá er Gutti nýkominn úr námi og það er byrjað strax með tilraunakennslu með tvo bekk í Brekkubæjarskóla og þar eru Gutti og Jóhanna Karlsdóttir. Það varð strax mikil umræða um þetta meðal bæjarbúa og þegar Grundaskóli byrjaði vissu allir að þetta opna kerfi yrði.

Ella: Það var mikið talað og þetta þótti skrytið eða sérstakt.

Voru foreldrar hafðir með í ráðum?

Ella: Nei, ekki niðri í Brekkubæjarskóla en foreldrar fóru fljótt að „gera eitthvað“ í Grundaskóla sem var alveg nýtt. Hér áður mættu

Í tilefni 10 ára afmælis Grundaskóla og útgáfu þessa afmælisrits, var ákveðið að taka foreldra tali sem átt hefðu börn í skólanum frá upphafi og eiga enn.

Elín Klara Svavarsdóttir og Steinn Mar Helgason eiga 5 börn sem öll hafa verið eða eru nemendur í Grundaskóla. Þau eru Steindóra (Dódó) sem var í hópi fyrstu útskriftarnema, Íris, sem útskrifaðist með öðrum hópi, Helgi Dan, sem nú er í 10. bekk, Helena í 4. bekk og síðan Marella sem hóf skólagöngu sína nú í haust.

Þau hjón voru svo vinsamleg að gefa sér tíma til að spjalla við blaðamann um skólann og þá reynslu sem þau hafa öðlast í viðskiptum sínum við hann og færum við þeim bestu þakkir fyrir.

foreldrar í skólann vegna þess að „eitthvað var að“ hjá börnum þeirra. Þetta var auðvitað smátt í sniðum þá og t.d. sá Óli húsvörður einn um alla ræstingu.

Hefur skólinn staðist þær væntingar sem þið höfðuð um hann og hafið enn?

Ella: Að vissu marki, finnst mér, en ekki að öllu leyti. Félagslíf og starf er öflugt og krakkarnir koma sjálfstæðari persónur út úr skólunum heldur en maður gerði e.t.v. sjálfur, - þau eru opnari. Steinn tekur undir það og segir krakkana jákvæðari og það hljóti að skila betri þjóðfélagsþegnum.

Fannst ykkur kennarar gera kröfur til foreldra um aukna þátttöku?

Steinn: Já, mér fannst það, mér fannst verða breyting. Allt í einu var farið að ætlast til þess að maður mætti á fundi og færi að gera eitthvað, jafnvel að koma og föndra.... Ella: Já, t.d. voru foreldrar fengnir, fyrsta árið, til að plasta bækur og spil. Þessu lenti maður í og þetta var alveg nýtt.

Steinn: Ég var ekkert hrifinn af þessu fyrst en mér finnst þetta að mörgu leyti gott. Mér finnst alveg mega gera eitthvað af þessu því að þetta stendur



„Við höfum aldrei litið á skólann sem geymslu-stofnun“



í stuttan tíma... en auðvitað kemur það vandamál upp að þeir sömu mæta oftast, eins og gengur.

Hvað með formlegt foreldrafélag?

Ella: Ég held að það þjóni ekki tilgangi.

Steinn: Það er nóg að kalla saman foreldra í bekkjum, eins og verið hefur.

Hvaða skilaboð eða heilræði viljið þið senda foreldrum og kennurum?

Steinn: Ég held maður geti varla gefið nokkrum manni heilræði. Hvað veit maður nema maður sé búinn að vera að gera vitleysur alveg frá byrjun? Það er, eins og þú veist, aldeilis munur á því hvernig þessi börn eru alin upp. Ég efast um að þeir sem eru lærðir í því að ala upp börn mundu verða hrifnir af okkar uppeldisaðferðum.

Finnst ykkur skólinn hafa breyst á þessum árum?

Ella: Já, mér fannst t.d. fyrst vanta allan aga.

Steinn: Mér fannst stefnan vera hjá skólanum að banna krökkunum ekkert. Maður hafði það á tilfinn-

ingunni að það væri nánast bannorð að skamma börn. Mér finnst þó að Grundaskóli hafi komið vel út þegar á heildina er litið - nokkuð vel. Það eru fastari skorður nú og tekið á hlutum sem jafnvel var ekki tekið á áður.

Hvað með einkunnagjöf?

Ella: Hér áður var meira um það að gefið var gott, ágætt o.s.frv. en við skildum það ekki, við vildum fá tölur og það hefur breyst í þá átt og ég held að foreldrarnir hafi viljað hafa það eins og þau fengu þegar þau voru í skólanum.

Sagt er að skóli hafi á hendi 3 hlutverk þ.e. fræðslu, uppeldi og geymslu á nemendum. Hver eru ykkar viðhorf?

Steinn: Við höfum aldrei litið á skólann sem geymslustofnun. Krakkarnir okkar hafa alltaf haft mömmu á staðnum. Auðvitað hefur skólinn ákveðið uppeldishlutverk en aðal uppeldisstafið á að fara fram á heimilunum. Það getur jafnvel stangast á það sem verið er að gera í skólanum annars vegar og hins vegar á heimilunum. Mér finnst vera komin út í ófgar uppeldiskrafan til skóla og leikskóla jafnvel svo að foreldrar kenni skólunum um ef illa gengur. Við

lítum á skólann, eitt, tvö og þrjú sem menntastofnun. En það þarf að vera gott samstarf þannig að báðir viti hvað hinn er að gera. Grundaskóli hefur, held ég, lagað sig að óskum foreldra ef þær hafa komið fram. Ella: Já, já, en það er rétt að minnst á það að þegar foreldrar eiga fleiri en eitt barn í skólanum, mætti t.d. þegar vitnisburður er, reyna að skipuleggja viðtalstímana þannig að foreldrar geti lokið viðtölunum á einu bretti. Gutti talaði oft um þetta en gleymdi því svo jafnóðum. Það er rétt að minna hann á þetta.

Hvernig verður skóli framtíðarinnar?

Ella: Börnin verða frá 8-5 í skólanum og nærast þar og vinna allt sem vinna þarf þar. Steinn: Ég veit það ekki. Ég held að það geti farið alla vega.

Blaðamaður kveður þau hjón og þakkar fyrir góðar móttökur, kaffi og meðlæti. Þau eiga eftir að eiga viðskipti við Grundaskóla 10 ár enn og munu vonandi halda áfram að hafa þar áhrif eins og vera ber.


NEMENDAEFNI

SAGA


Það voru einu sinni tveir vísendmenn að rannsaka fjórar kóngulær. Fyrst var tekin sú fyrsta og slitin af henni ein löpp og sagt gakk. Hún gekk í burtu. Svo var tekin hin kóngulóin og slitnar af henni tvær lappir og sagt; gakk. Hún gekk í burtu. Svo var tekin sú þriðja og teknar af henni þrjár lappir og sagt gakk. Hún gekk í burtu. Svo var tekin sú fjórða og teknar af henni fjórar lappir og sagt gakk. Hún gekk ekki í burtu og þá skrifuðu vísendmennirnir í bók: "Þegar búið er slíta fjórar lappir af kónguló er hún heyrnarlaus.

Nemi í 10 ára bekk.

Visa
Mamma mín sá litla mús.
Það var fallegt krílið.
Hefði pabbi komið heim,
hefði hún ekki komið.
Brynhildur, 4. MB



Hundurinn og Barna rævingin. Siggi 4MB
Einu sinni var góður hundur sem hét snaki, en sá var barni stórn þá fór hundurinn og bjargði þfi, eit sin kom vaktari og hundurinn létti undir




Jón Valentínus

82J

Árið sem pabbi gaf mér Willisinn og þegar ég fékk bílpróf

Nítjánhundruðáttatíuog níu, ég er að mæta í fyrsta tíma í bílpróf. "Hhhmm...., bensíngjöfin er til að auka




hraðann ef þú ert að flýta þér" segir kennarinn um leið og hann rennir bílnum yfir hundrað. "Og bremsan er til að nota þegar þú heldur að þú lendir í árekstri, þegar mælirinn er yfir 120 kílómetra hraða, annars er hún einskis nýt. Þú skalt hafa bílinn í fjórða gír því þá er minni hætta á að hann drepi á sér." Hann sýndi mér ýmislegt í sambandi við bílinn. Hann sýndi mér tildamiss hvernig á að svína og hvernig á að snú honum í hringi, spóla, þrjóna og fara veltur. Og loks er ég kominn með bílpróf og ég á afmæli og ég held að ég hafi aldrei séð jafn stóran eða stærri pakka. Að minnsta kosti inn pakkaðan. "Hvar ætli

NEMENDAEFNI

ENDURMINNINGAR FRÁ SKÓLAÁRUM MÍNUM

pabbi hafi fengið svona mikinn pappír með ljósbláum kaninum og kort sem stendur á til hamingju með 17 ára afmælið?" Ég fæddist klukkan fimmtán sekúndur yfir sex og klukkan slær sex, ég hleyp að gjöfinni og ætla að opna, nei klukkan er ekki orðin, 10,9,8,7,6,5,4,3,2,1,0,ég ræðst að gjöfinni. Willis!!!!!! Jibbí

Hrannar 9.BJ 1985



Skólinn og afmælið

Afmælið skólans er alltaf skemmtilegt, borðað og sungið og skemmt sér vel.

Ég ætla að byrja á því þegar báðir bekkirnir fóru upp í sveit til að fræðast um búskap. Hann Arnþór reddaði okkur plássi á Kirkjubóli. Það var farið með nesti og mig minnir að hann Einar kæmi með kók og snakk og líka að Gústi var svo hræddur við beljurnar. Og ég man eftir lyktinni í rútunni, hún var ógeðsleg. Nú hverf ég aftur í skólann. Það var að byrja stærðfræðitími og ég og Íris og Elva sátum upp í gluggakistu og þá kom Eygló inn og allt í einu heyri ég öskur því hún Elva klemmdi sig svo illa og nöglin datt af. Svo man ég eftir bekkjarkvöldum þegar Ágúst og Brynja voru að vanga og Sturla og Íris. Svo voru allir í innanhússskóm og með broddaklippingu. Svo þegar ballið var hálfnað kom Valdi með happdrættið sitt og við munum eftir því þegar Valdi át kítina til að breyta röddinni en nú er Valdi farinn og satt að segja sakna ég hans. En nú er flest allt breytt, við erum að þroskast og að verða að unglingum og farin að pæla í sumum. T. d. Brynja og Raggi.

Víðir, 9.LA

„Það sem maður lærði af þekkingaratriðum er kannski ekki aðalatriðið“

Við sitjum í kringum borðið sjö saman. Þau eru fimm en við erum tvö af gömlu kennurunum þeirra. Við erum að rifja upp gamla daga í Grundaskóla. Þau voru í fyrsta nemendahópnum sem útskrifaðist með grunnskólapróf frá skólanum. Það var vorið 1988. Þá voru þau gelgjuleg og óráðin, sum hver að minnsta kosti, en nú bera þau þónokkuð virðulegan fullorðinssvip. Þau hafa hvert um sig tekið sína stefnu í lífinu.

Þau heita Bjarni Kristófersson, Jökull Freyr Svavarsson, Kristjana Þorvaldsdóttir, Sigrún Vigdís Gylfadóttir og Pröstur Heiðar Práinsson.

Við spjöllum saman nokkra stund en spyrjum þau síðan hverju þau muni helst eftir frá fyrstu skólaárunum.

„Maður var alveg búinn að fá nóg af kennaraskiptum“



Sigrún: Ætli það sé ekki hvað við skiptum oft um kennara. Maður var alveg búinn að fá nóg af kennaraskiptum.

Kristjana: Við lentum ekki eins í því. Við höfðum bara þrjá umsjónarkennara í allt.

Sigrún: Við byrjuðum hér sem 3. SG. En eftir áramótin fengum við nýjan kennara. Hann hét Flosi.

Jökull: Hann var skemmtilegur.

Sigrún: Næst var Hafdís með okkur í tvo vetur. Svo kom Borghildur.

Kristjana: Gutti kenndi okkur í 3ja bekk, síðan Ragna og loks Leó.

Sigrún: Ég man vel eftir þegar ég sá Borghildi fyrst í síðu peysunni. Við vorum víst frekar erfið og við fengum

fljótlega að kynnast því hvað hún var ákveðin.

Borghildur: Ég hafði sjö ára reynslu sem kennari, þegar ég kom hingað svo ég var ýmsu vön. Þó hafði ég ekki reynt allt sem ég fékk að kynnast hér.

Pröstur: Ætli ég muni ekki einna best eftir því þegar kennaranemi sparkaði í bakið á mér. Hann var í klossum. Það höfðu einhverjir verið að slást í bekknum. Ég átti engan þátt í því. Svo man ég eftir því þegar Björn Gústaf grýtti stól í Gutta. Það var mjög gott atriði.

Bjarni: Ég man vel að Helgi og Jóhannes voru alltaf teknir til Gutta, þó við værum allir með í látunum.

Kristjana: Svo skvetti Valgeir yfir okkur vatni þegar við fórum í verkfallið. Gutti kenndi okkur dönsku og þurfti oft að fara í símann. Við vorum óánægð með það.


Sigrún: Við vorum öll með í þessu.

„Svo skvetti Valgeir yfir okkur vatni . . .“



„Einu sinni hentum við eggjum upp um alla vegg“

„Maður var ánægður með flest“



Jökull: Við höfðum frjálsrar hendur með svo margt. T.d. þegar við vorum í videovinnu. Einu sinni hentum við eggjum upp um alla vegg í eldhúsinu.

Sveinn: Fannst ykkur frjálsræðið gott?

Kristjana: Það jók okkur sjálfstæði.

Jökull: Ég sætti mig vel við það.

Pröstur: Ég vissi ekki hvað ég vildi, ég vildi helst ekki gera neitt.

Sveinn: Hvað fannst ykkur skemmtilegast í skólanum á þessum árum?

Kristjana: Mér fannst allt skemmtilegt.

Bjarni: Maður var ánægður með flest nema smíði þarna eitt árið. Það fór allur tíminn í að taka til.

Pröstur: Mér fannst íþróttir skemmtilegastar.

Jökull: Ég hafði mest gaman af myndmennt.

Sigrún: Stærðfræðin var skemmtilegust.

Borghildur: Nú eruð þið öll í framhaldsskóla. Hvernig finnst ykkur samanburðurinn.

Kristjana: Þar er auðvitað margt með öðrum hætti. Kennslan er öðruvísi og kannski hefði átt að undirbúa mann betur undir það. Við verðum að bjarga okkur miklu meira á eigin spýtur og það hefði þurft að þjálf okkur betur í ýmiss konar heimildavinnu.

Sigrún: Það er hægt með ýmsum ráðum að dóla í framhaldsskólanum. Annars hefði ég viljað hafa meiri kunnáttu í t.d. líffræði og landafræði

áður en ég fór í framhaldsskóla. Mér finnst að mig hafi vantað ákveðin grundvallaratriði. Vegna þessa er stundum mikið stökk á milli skólastiga.

Sveinn: Þið áttuð ykkar uppáhaldsgreinar í Grundaskóla. Hefur eitthvað breyst í því efni?

Jökull: Nei, ég stefni á að komast í myndlistarnám, annaðhvort hér heima eða úti.


Pröstur: Ég hef verið í íþróttum. Ég æfi nú blak, handbolta og badminton. Svo er ég í skákinni. Ég var að vísu hundlélegur þegar ég var hér í skólanum, tapaði fyrir öllum. Ég tefldi mikið við Pétur Atla. Svo þróaðist þetta bara. Ég ætla hins vegar í íþróttakennaraskólann.

„Það hefði þurft að þjálf okkur betur í ýmiss konar heimildavinnu.“


Kristjana: Ég hef áhuga á sálfræðinámi. Ég lýk námi í Fjölbrotaskólanum nú fyrir jólin, en verð að biða til næsta hausts með framhaldið. Ætli ég fari ekki að vinna eða fari út.

Bjarni: Ég er í rafvirkjanámi og stefni að því að klára það vorið '93. Ég hef verið að vinna hjá Rafveitunni og það var ágætt. Annars tók ég tvær annir á

„Við höfðum frjálsar hendur með svo margt“



„Skólinn mátti ekki vera strangari“



bóknámsbraut áður en ég fór í rafvirkjunina og ég held að það komi sér vel að vera búinn að því.

Sigrún: Ég er á náttúrufræðibraut og er að ljúka því námi. Ég ætla að halda áfram að vera til en er ekki búin að ákveða framhaldið.

Borghildur: Í hvernig skóla mynduð þið vilja senda börnin ykkar?

Pröstur/Bjarni: Í Grundaskóla.

Jökull: Í skóla sem menntaði þau betur en mig. Skólinn hefði mátt vera strangari.

Pröstur: Þetta var allt mér að kenna. Skólinn mátti ekki vera strangari.

Sveinn: Hvað lærðuð þið í Grundaskóla?

Kristjana: Ég lærði meðal annars að bera virðingu fyrir eigum annarra.

Maður vandist því að taka tillit til allra og reyna að ganga vel um.

Sigrún: Ég lærði að hlusta á aðra og taka tillit til fólks. Við lærðum líka að tjá okkur.

Kristjana: Það sem maður lærði af þekkingaratriðum er kannski ekki aðalatriðið, heldur eitthvað annað sem fylgir manni í lífinu og ekki er gott að útskýra.

Þessi lokaorð Kristjönu taka hin undir með því að kinka kolli.

Við gömlu skórin þökkum þeim fimmmenningunum fyrir spjallið og óskum þeim alls hins besta í framtíðinni.

Borghildur og Sveinn

„Það er ekki til endanlegt svar“

Gutti: Það má alveg byrja að skoða málið frá þeim tíma þegar við Jóhanna Karlsdóttir vorum sett á fyrstu hæðina í Brekkubæjarskóla með sitt hvorn 7 ára bekkinn. Við vorum óánægð með hvernig við þjónuðum þessum bekkjum. Þeir voru stórir, og við fengum leyfi til þess að færa okkur saman. Við höfðum aðstöðu til að hafa samverukrök og skiptum svo stofunum í vinnusvæði, stærðfræðikrök, íslenskukrök, vinnukrök o.fl. á ganginum. Húsgögn og annað var þarna sem foreldrar höfðu útbúið. Hluti af þessum krökkum kom hingað í Grundaskóla en einnig krakkar úr öðrum bekkjum þessa árgangs í Brekkubæjarskóla. Þarna byrja að þróast hugmyndir um að vinna ekki með hefðbundna töflukennslu. Síðan er ég ráðinn skólastjóri, ég man ekki hve löngu áður og kennarahópurinn er allur kominn í ágúst 1981. Það voru 6 kennarar.

Steinunn: 4. ágúst 1981. Það var alltaf byrjað dálítið snemma þarna fyrst.

Ólína: Já, ég minnst þess líka. Fyrsti fundurinn hjá okkur og nokkrir næstu fundir voru haldnir í Brekkubæjar-skóla.

Sigurlaug: Já, ég man eftir því að krakkarnir komu einmitt þangað.

Gutti: 4. september voru krakkarnir boðaðir saman og þá fengu þeir stundaskrá og bréf, sem er til, þar sem fram kom allt sem þau áttu að kaupa.

Sigurlaug: Og svo leið langur tími.

Gutti: Já, við fórum inn 6. október 1981. Það er hinn formlegi afmælisdagur skólans. Í millitíðinni

Á 10 ára afmæli Grundaskóla komu saman þau Guðbjartur Hannesson, skólastjóri, Ólína Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Steinunn Guðmundsdóttir og Sigurlaug Guðmundsdóttir til að spjalla um starfsemi skólans. Þau hafa verið með frá byrjun og starfa enn við skólann. Var því athyglisvert að heyra hvernig þau minntust starfsins þennan fyrsta áratug hins nýja skóla. Jóhanna Karlsdóttir, sem er einn af upphafsmönnum, gat ekki verið við hringborðið þar sem hún var úti á landi að kynna skólastarf.

sóttum við alla vega gögn og upplýsingar.

Sigurlaug: Það var mikill burður þar, inn og út, í íþróttavallarhúsinu.

Ólína: Við höfðum ágætt pláss til að vinna þar.

Steinunn: Pláss og næði og allt það. Við heimsóttum mikið skóla í Reykjavík, skóla sem okkur fannst við eitthvað geta sótt til.

Ólína: Þetta er líklega í eina skiptið í öll þessi ár sem að maður hefur kennt að gefist hefur tími til að vinna svona mikla forvinnu. Samstarfskennarar fengu þarna nærri óþrjótandi tíma til að tala sig saman, samræma sjónarmið.

Steinunn: Það hefur nú sennilega gert öllum gott og skólanum gott. Þetta gerði samstarfið auðveldara.


Gutti: Við ræddum á þessum tíma grunnhugmyndir skólans. Fórum yfir hvað við vildum og við tókum upp valkerfið á fyrsta ári. Ég hef raunar haldið því fram að þetta sé eitt aðal einkenni skólans. Það er í raun enginn skóli í landinu sem rekur svona valkerfi eins og við. Valkerfið hefur verið til umfjöllunar öll árin og lifað af þá umfjöllun.

Steinunn: Þetta er að verða íhalds-samur skóli.

Sigurlaug: Krökkunum finnst, held ég, nærri undantekningarlaust gaman í vali.

Ólína: Ég man að það komu nokkrar efasemdir um hvort list- og verkgreinarnar skiluðu sér í þessu kerfi.

Gutti: Já, við gerðum könnun á þessu. Þar kom fram að í öllum greinum þar sem hægt var að ljúka verkum á stuttum tíma hentaði þetta en ekki í stærri verkum eins og



heimilisfræði. Enda er heimilisfræðin alveg utan valsins. Ég var að fletta upp í gömlum bókum og eitt af fyrstu þemaverkefnum var umferðin. Við bjuggum til stóran bæ hérna á innri hlutanum á efri hæðinni.

Steinunn: Máluðum göturnar.

Sigurlaug: Gerðum hús úr kössum og nýttum kerru sem Gutti átti.



Steinunn: Og þeir sem áttu kassabíla komu með þá. Þetta þótti mjög skemmtilegt.

Gutti: Ég man að við þurftum að fella niður kennslu einu sinni vegna hávaða því það var verið að bora á neðri hæðinni. Það heyrðist ekki mannsins mál og allt titraði undir fótum okkar og þetta ástand endurtók sig fyrstu árin.

Steinunn: Iðnaðarmennirnir voru orðnir ansi heimavanir og mikið inni í skólamálum.

Ólína: Já, munið þið ekki eftir því?

Það gekk kannski einhver smiður í gegnum stofuna og þá kölluðu krakkarnir: „Heyrðu, viltu sýna mér hvernig á að reikna þetta dæmi?“ Það var svo oft fólk á ferðinni þar sem þau voru að læra að þau tóku það sem alveg sjálfsagðan hlut að allt þetta fólk væri þeim til aðstoðar við námið.

Steinunn: Það voru ábyggilega líka

margir iðnaðarmenn sem fengu mikinn áhuga á skólamálum og höfðu miklar skoðanir á þeim. Flosi, tónmenntakennarinn okkar byrjaði sem pípulagningamaður í skólanum.



Gutti: Já, fyrsta verkefni Flosa í skólanum var að hann var sendur heim og látinn fara úr pípulagningagallanum og klæða sig upp og síðan fenginn til að spila fyrir okkur á litlu jólnum. Síðan kom hann til okkar eftir áramót.



Steinunn: Ég er eiginlega alveg hissa á að ekki skuli fleiri iðnaðarmenn hafa skellt sér í kennaraskólann þá.

Gutti: Það er spennandi að vita hvernig menn meta hvað hafi í raun lifað af því sem lagt var upp með. Menn hafa verið með vangaveltur um það hvort þetta hafi breyst mikið. Ég hef nú sjálfur haldið því fram að lítið

hafi breyst nema að við höfum brugðist við eldri nemendum með öðrum kennsluaðferðum en við notum með yngstu börnum. En grunnhugmyndir finnst mér hafa lifað í meginatriðum þó að misvel gangi að framfylgja þeim.

Ólína: Sú breyting hefur orðið smátt og smátt að enginn getur í raun haft



yfirsýn yfir allt það sem fram fer því skólinn er orðinn svo stór.

Sigurlaug: Þetta hefur smám saman orðið meiri árgangakynning t.d. gagnvart foreldrum. Nemendur þekkja kannski best þá sem eru fyrir ofan og neðan í árgöngum og eru saman á valsvæðum.

Gutti: Samstarf við foreldra barnanna í skólanum hefur verið í raun mjög gott frá upphafi og foreldrar taka okkur mjög vel.

Ólína: Lengi framan af var mjög auðvelt að ná til foreldra og það var í raun mikil vinna unnin hér af foreldrum. Þau stimpluðu í bækur og plöstuðu, því þá vorum við ekki með neina skólaritara og aðrir hópar voru úti að búa til leiktæki.

Steinunn: Þetta var gert af miklum krafti.

Framhald á næstu síðu




Gutti: Vitnisburðurinn og viðtölin þar sem nemendur komu með foreldrum tókum við upp og var nýtt fyrirbæri. Skilyrðið var að þau kæmu saman til að vitnisburður yrði afhentur. Steinunn: Það var nú ekki erfitt að koma því á, þótt nýtt væri.

Valið einkennir skólann

Gutti: Tímasetningin var líka valin með það fyrir augum að hægt væri að nota niðurstöðurnar úr vitnisburði í áframhaldandi vinnu, en ekki að hafa hann í lok anna. Nú, markmiðið að fara út á vinnustaði og heimsækja fyrirtæki er kannski eitt af því sem maður hefði viljað sjá ennþá meira af, en hefur verið notað þó nokkuð. Starfsfræðsla er orðin fastur liður í 9. bekk og val í 10. bekk. Og í sambandi við sérkenni skólans má nefna að nokkuð mikið val er í íþróttum í eldri bekkjum. Nemendur geta valið milli boltagreina, leikfimi og frjálssra íþróttar. Sama er með list- og verkgreinar. Við erum líklega eini skólinn í landinu sem leyfir þeim að velja á milli tónmenntar, myndmenntar, smíða og hannyrða sem þýðir að nemandi í 8. bekk getur valið smíði í 2 ár og sleppt hinu. Þetta getur komið í veg fyrir að verið sé að grauta í of mörgu og gefur kost á að sérhæfa sig svolítið. Nú,

tónmennt í eldri bekkjum er ekki algeng í öðrum grunnskólum, en hefur verið hér í boði. Steinunn: Finnst ykkur valkerfið sækja á í öðrum skólum? Eru fleiri skólar sem nota eitthvað af þessum hugmyndum? Gutti: Það er mjög mikið búið að vera um heimsóknir frá öðrum skólum en ég er ekki viss um það að menn hafi tekið svona valkerfi mikið upp. Það er geysimikil vinna að skipta um stundatöflu um áramót. Þetta eru einstaklingstöflur t.d. í eldri deild fyrir 160 nemendur. Svo getur taflan orðið leiðinleg fyrir nemendur þ.e. eyður í töflunni. Ólína: Það er víða einungis gefinn kostur á vali í 10. bekk. Steinunn: Menn verða að gera það upp við sig hverju þeir vilja fórn til að eiga þess kost að velja. En það er eins og við höfum verið staðföst í trúnni. Það er lítið eða ekkert sem við höfum kastað frá okkur af eldri hugmyndum. En kannski man maður ekki eftir því sem búið er að sigta út. Sigurlaug: Jú, þetta stutta val eða daglega val datt út enda gekk það ekki nógu vel. Gutti: Hugmyndafræðin á bak við þetta val var að nálgast krakkana á þeirra eigin forsendum. Steinunn: Já, og viðurkenna einstaklinginn eins og hann var og reyna að byggja við hann. Gutti: Margir tölkuðu þetta öfugt og töldu þetta vera að steypa alla í sama form.



Steinunn: Þetta var gífurleg einstaklingshyggja en við fengum aldrei neina gagnrýni fyrir það. Ólína: Aðalgagnrýnin, og að mörgu leyti réttmæt, er kannski fyrst og fremst sú að þegar krakkarnir fá að vinna hver með sínum hraða þá leggja sumir kannski mjög lítið á sig og hraðinn verður ósköp lítill. Steinunn: Já, og líka þetta að þau kynnu aldrei að vera í hóp vegna áherslu á einstaklinginn, sem getur auðvitað þróast út í öfgar eins og annað. Gutti: Við höfum reynt að dekkja þetta hvort tveggja með einstaklingskönnunum og hópverkefnum þar sem kröfur eru gerðar til samstarfs. Steinunn: En eru þessar efasemdir ekki bara það mannlega sem maður verður bara alltaf að hafa vegna þess að það er aldrei til neitt endanlegt svar? Gutti: Enda höfum við margoft sagt það að við séum ekki með neina endanlega lausn. Sigurlaug: Kannski sem betur fer. Steinunn: Nú ættum við að fara að fá eitthvað til baka. Nú er búið að útskrifa fyrstu hópana þannig þeir geta nú lítið til baka með okkur með því að gera hjá þeim könnun. Gutti: Já, fyrsti árgangurinn tók þátt í könnun og ég hef raunverulega verið rúkkadur um það hjá hinum árgöngunum að þeir tækju þátt í svipaðri könnun. Áberandi var hversu krakkarnir voru jákvæðir út í skólann,



bæði framhaldsskólann og grunnskólann. Steinunn: Það var líka lagt upp með það hjá okkur að það skipti verulegu máli að krakkarnir væru ánægðir í skólanum burt séð frá námslegum árangri. Það er skylda að mæta á hverjum einasta virkum degi og einhvern veginn verður að þola það.

Húsrýmið hamlar starfinu

Gutti: Við finnum reyndar fyrir því núna sérstaklega á unglingastiginu hvað það er þröng um okkur. Við erum líka með vondar stundaskrár vegna þess. Við erum með 5. bekk í fyrsta skipti eftir hádegi í vetur. Það er stór hluti af skólanum tvísetinn og við erum að kenna alveg til kl. 5. Þar að auki söknum við þess verulega að hafa ekki sal og bókasafn í miðjum skóla. Ólína: Mér finnst alveg grátlegt að hafa ekki sal. Steinunn: Það er alveg satt, upp á félagsstarfið. Það er bara merkilegt að það skuli vera hægt að halda þetta góðu félagslífi og hafa ekki sal. Gutti: Þetta er stærsti skóli í landinu sem ekki hefur samkomusal. Í ritgerða- og heimildavinnu er erfitt fyrir eldri nemendur að vinna því aðstaðan á safninu er ekki nógu góð og reyndar var það eitt af því sem

eldri nemendur bentu okkur á eftir að þau voru komin í framhaldsskólann að við hefðum ekki kennt þeim nógu vel ritgerðasmíð og heimildavinnu. Þetta er mjög veikur hlekkur hjá okkur. Rauði þráðurinn í gegnum þetta hefur auðvitað verið ákveðið húsnæðisbasl þó að menn hafi reynt að gera og gert alveg útrúlega gott úr því allan tímann. Við fengum lausa stofu á tímabili og nýttum hana í sjálflu sér mjög vel. Við byrjuðum 6 og erum orðin 35 í dag í kennslunni og starfsmenn skólans 50. Skólinn er því einn af stærri vinnustöðum bæjarins.

Einn af öðrum . . .

Gutti: Ég man eftir því hvað var mikill kvíði í manni á vorin þegar maður var að missa fólk. Meirihluti þessara kennara skólans er nýtt fólk í bænum. Steinunn: Það var alltaf og er enn verið að ráða nýtt fólk. Ólína: Hugsuð ykkur allar breytingarnar á hverju ári. Það fóru alltaf einhverjir af kennurum í framhaldsnám eða hættu af einhverjum ástæðum . . . Gutti: . . . og barneignarleyfi. Ólína: Jú, jú, sem betur fer, mjög lífligt. Og síðan varð stækkun á hverju ári sem þýddi viðbótarstöður,

kannski 3-4 kennara á ári. Steinunn: Það þætti skrítið í öðrum fyrirtækjum að reka þetta svona. Ólína: Það gat næstum því farið í það að helmingurinn af kennaraliðinu að hausti væri nýtt fólk. Gutti: Enda var það þannig einu sinni að við fórum í skoðunarferð um Akranes með mannskapinn og fengum leiðsögumann, því það voru svo margir nýir. En sem betur fer hafa margir í lengst hérna. Það sem alltaf hefur komið á óvart er hversu tekist hefur að fá gott fólk. Ólína: Mér finnst það hafa verið aðalstyrkur skólans í gegnum árin, hvað gott fólk hefur ráðist til starfa og verið tilbúið að taka þátt í nýbreytni. Steinunn: Kannski hjálpaði það að upphaflega hugmyndin um skólann hefur ekki breyst svo mikið, þannig að menn vissu nokkurn veginn hvað þeir voru að sækja um.

Þekktur skóli

Gutti: Í byrjun var þetta þannig að fólk sótti um starf hér vegna formsins. En á tímabili þegar kjaramálin voru ofarlega á baugi, þá var skólinn orðinn þekktur fyrir vinnuhörku og mikið álag. Hér kvaddi okkur eitt sinn kennaranemi sem sagði að hvergi hefði verið eins gaman að vera og hérna og hvergi hefði hann lært meira, en hann vildi ekki kenna hérna.

Framhald á næstu síðu

Framh. af 17. síðu

Ólína: Ég er ekki frá því að þetta hafi spurst út og varað aðra við.
Gutti: Þetta er aftur að breytast. Skólinn er mjög vel þekktur í landinu. Það er hægt að fullyrða það að allir skólamenn vita hver Grundaskóli er og fyrir hvað hann stendur. Okkar fólk hefur sótt námskeið mjög mikið, verið víða og er ennþá á ferðinni út um allt að kynna ekki bara okkar skóla heldur ákveðin efni tengd skólanum. Við höfum líka notið góðs af tengslum við fræðsluskrifstofuna frá upphafi, bæði í gegnum starfsmannahald, og sálfræðipjónustu. Enda höfum við oft verið í tengslum við fólk í beinni vinnu hér í húsinu og sálfræðingarnir verið búsettir hér á Akranesi.

Framtíðar- draumar

Gutti: Hverjir eru svo framtíðar-
draumar okkar?
Sigurlaug: Aukið rými í skólanum.
Steinunn: Ég á mér alltaf þann framtíðardraum að við getum sýnt í verki að við höfum mikinn áhuga á verkgreinum. Að við styðjum við bakið á verkgreinunum.
Gutti: Draumurinn hlýtur að vera að við fáum samfelldan skóladag, nemendur geti komi einu sinni á dag í skólann og lokið sínu dagsverki í skólanum og að það verði það mikil fjölbreytni að þetta verði skemmtileg vera. Ekki bara bóklegar greinar heldur líka verklegar. Að það verði máltíðir í skólanum.
Skólinn á að verða einhvers konar menningarmiðstöð og vettvangur þar sem foreldrar, börn og íbúar hittast í leik og starfi. Auðvitað á að nýta þessi hús mjög vel og við höfum alltaf haft það sem markmið. Skólinn er almenningseign og rétt að nota hann eins mikið og hægt er.



Óskum
Grundaskóla,
nemendum og starfsfólki
til hamingju
með 10 ára
afmælið

BÓKAVERZLUNIN
Andrés Nielsson h.f.

Í DAG . . .



10 ára saga Grundaskóla

SKRÁÐ HEFIR GUÐBJARTUR HANNESSON, SKÓLASTJÓRI

10 ár eru liðin frá því Grundaskóli tók til starfa. Bernskuárin eru að baki, tími mikillar uppbyggingar og mikilla breytinga. Grundaskóli hefur stækkað frá því að vera 160 nemenda skóli, með 7 bekkjardeildir, þrjá árganga nemenda og 7 starfsmenn, upp í að vera skóli með 10 bekkjum grunnskólans, alls 510 nemendur í 25 bekkjardeildum. Starfsmenn skólans í vetur eru alls 50, þar af 34 kennarar. Nemendurnir sem stunduðu nám í Grundaskóla fyrsta veturinn hafa kvatt okkur. Á 10 ára afmælisári er rétt að líta til baka og rifja upp söguna frá stofnun skólans til dagsins í dag.

„Garðaskóli“

Árið 1976, þegar umræða um fjölbrautaskóla á Akranesi varð æ háværi, var mikið rætt um nauðsyn þess að reisa nýjan grunnskóla í nýrri hverfum bæjarins og losa húsnæði Gagnfræðaskólans til nota fyrir framhaldsskóla. Þann 23. ágúst 1976 sendu skólanefnd Akraneskaupsstaðar og Verkfræði- og teiknistofan s.f. bréf til bæjarstjórnar, þar sem gerð var grein fyrir stöðu skólamála á Akranesi á þeim tíma. Í framhaldi af þessu bréfi var skipuð byggingarnefnd þann 18. apríl 1977. Byggingarnefndina skipuðu eftirfarandi aðilar: Þorvaldur Þorvaldsson kennari, sem þá rak á Akranesi útibú fræðsluskrifstofu sem fræðslufulltrúi Vesturlands. Adam Þór

Þorgeirsson starfsmaður tæknideildar og Njáll Guðmundsson skólastjóri Barnaskólans á Akranesi sem síðar varð Brekkubæjarskóli. Jóhannes Ingibjartsson sat fundi nefndarinnar sem fulltrúi Verkfræði og teiknistofunnar s.f., en sú stofa sá um alla hönnun skólans. Nefndin tók fljótt ákvörðun um að nefna hinn nýja skóla Garðaskóla, en síðar kom í ljós að annar skóli bar það heiti og var þá skólinn nefndur Grundaskóli. Þann 27. ágúst 1979 gerðu menntamálaráðuneytið og Akraneskaupsstaður með sér samning um byggingu nýs grunnskóla á Akranesi. Samningurinn gerði ráð fyrir fullnaðar frágangi 2242 fermetra áfanga skóla með öllum húsbúnaði, lóð og listskreytingum. Þessi áfangi skólans átti að koma í stað húsnæðis sem tekið var undir Fjölbrautaskóla Akraness, sem var stofnaður haustið 1977, en áfanginn er u.þ.b. jafn stór og gamli Gagnfræðaskólinn. Hið nýja hús átti að vera tilbúið til notkunar sumarið 1981 en það dróst og hófst kennsla í húsinu 6. október það ár. Formlegur afmælisdagur Grundaskóla er því 6. október.

Undirbúningur skólastarfsins

Á fyrri hluta árs 1981 var undirritaður, Guðbjartur Hannesson kennari við Grunnskóla Akraness, ráðinn skólastjóri Grundaskóla. Ég fékk því

tækifæri til að starfa með byggingarnefnd skólans. Nefndin hafði raunar haft samráð við kennara Barnaskólans og m.a. ákvað sá kennarahópur að húsnæðið yrði að vera þannig úr garði gert að hægt væri að kenna þar bæði eftir svokölluðu opnu skólakerfi og hefðbundnu bekkjarkerfi. Þetta verk reyndu hönnuðir að leysa af hendi. Kennarar skólans voru ráðnir um vorið og sumarið. Skólamenn stóðu saman um að leyfa hinum nýja skóla að vaxa og dafna þannig að aðeins yrðu teknir inn í skólann fáir árgangar í byrjun og elsti árgangurinn fengi síðan að vera elstur þar til að hann útskrifaðist. Þetta gekk eftir. Ákveðið var að byrja með 7, 8 og 9 ára krakka í skólanum og taka svo inn ári síðar 6 og 7 ára. Starfsmenn skólans voru í byrjun aðeins 7. Þeir voru auk skólastjóra, kennararnir Guðný Haraldsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Ólína Jónsdóttir, Sigurlaug Guðmundsdóttir og Steinunn Guðmundsdóttir. Þá var Ólafur Þórðarson ráðinn húsvörður skólans en hann hafði lengi starfað við Gagnfræðaskólann. Ólafur sá um alla ræstingu jafnframt því að vera húsvörður. Irma Sjöfn Óskarsdóttir starfaði einnig við skólann á fyrsta vetri við afleysingar og Áslaug Harðardóttir stundakennari við sérkennslu.

Fyrsta veturinn var 6 ára nemendum úr Grundahverfi kennt í kjallara íþróttahússins við Vesturgötu og fyrstu vetur Grundaskóla sóttu nemendur skólans íþróttakennslu þar og sundkennslu í Bjarnalaug. Tekinn



var upp skólaakstur og um leið hófst rekstur strætisvagns á Akranesi. Nemendur voru annað hvort í sundi eða íþróttum. Íþróttatíma sóttu nemendur tvo þriðju hluta vetrar og sund einn þriðja, svo þetta nám var mjög skert fyrstu árin.

Fyrsti kennarafundur Grundaskóla var haldinn í Barnaskólanum (Brekkubæjarskóla) þann 4. ágúst 1981. Á þessum fundi var gengið frá skiptingu bekkjardeilda og raunar kennslunnar í heild á milli kennara. Þegar vetrarstarfið hófst í Barnaskólanum færðu kennarar aðstöðu sína í íþróttavallarhúsið á meðan beðið var eftir því að húsnæði Grundaskóla yrði tilbúið. Væntanlegir nemendur skólans voru þó kallaðir saman í fyrsta skipti í Barnaskólanum þann 4. september og fengu þá sínar stundaskrár, innkaupalista og góð ráð um hvernig þeir gætu undirbúið sig heima fyrir veturinn.

Skólastarfið fyrsta veturinn

Þetta fyrsta ár var þröngt á þingi því aðeins voru teknar í notkun 3 almennar kennslustofur, en nemendur voru 160 í 7 bekkjardeildum. Gangur skólans, sem daglega er nefndur miðsvæði, var nýttur fyrir eina bekkjardeildina. „Kennarastofan“ var á þessum sama gangi skermuð af með skápum. Ein kaffikanna var á borði úti í horni og sæti fyrir starfsmennina 7. Geymsla



sem er í austur enda hússins var nýtt sem skrifstofa skólastjóra og vinnuáðstaða kennara.


Það er gaman að fletta fundagerðabókum kennarafunda fyrsta veturinn. Þar má m.a. sjá að strax í upphafi lögðu kennarar mikla áherslu á að leyfa nemendum að hafa áhrif á nám sitt, velja á milli viðfangsefna. Ákveðið var að reyna sem allra mest að taka mið af þörfum hvers og eins og nýta sér „reynsluheim“ barnanna. Dagbækur eða atburðabækur og alls konar áætlunargerð nemenda sjálfra var tekin upp í þessu skyni. Strax í upphafi var reynt að virkja foreldrana í skólastarfinu og voru þeir m.a. kallaðir inn til að vinna ýmis verkefni með nemendum og/eða kennurum. Þröngt var um skólastarfið í þeim hluta hússins sem var tilbúinn til kennslu en við nýttum okkur vel ókláraða rýmið á efri hæð hússins í okkar fyrstu þemavinnu, þar sem umferðin var tekin fyrir. Nemendur og kennarar máluðu götur og byggðu heilan bæ úr pappakössum og alls kyns efnum og við nýttum bæinn til að kenna nemendum umferðarreglurnar. Farartækin voru vagnar eða kassabílar. Góður vilji, jákvæðir foreldrar og skemmtilegir krakkar fleyttu okkur í gegnum þennan fyrsta vetur í skólanum.

Ört stækkandi skóli

Strax haustið 1982 hafði húsnæði, nemenda- og starfsmannafjöldi aukist

til muna. 270 nemendur, 6-10 ára, voru þá í skólanum í umsjá 13 kennara. Húsvörðurinn fékk ræstingarfólk sér til aðstoðar og skólaritari í 1/2 starfi tók til starfa og matráðskona í hlutastarfi í mótuneyti kennara. Þennan vetur byrjaði einnig dagvist í umsjá fósturu og aðstoðarmanns. Skólinn hafði þennan vetur alla efri hæð skólans til umráða, en á hæðinni kenndum við allar list- og verkgreinarnar í almennum kennslustofum; ein stofan var tekin undir smíðakennslu, önnur undir tónmennt o.s.frv. Skrifstofa skólans ásamt vinnuáðstöðu kennara var í einni stofunni og kennarastofan og mótuneyti skólans í litlu herbergi þar framan við. Sérkennslan fékk líka sitt eigið herbergi og um veturinn fékk bókasafn skólans bráðabirgðaraðstöðu í risinu (og er þar enn). Segja má að efri hæðin hafi verið vel nýtt strax í upphafi. Sem fyrr var margt brallað þennan vetur. Fyrsti skólakór Grundaskóla tók til starfa undir stjórn Hólfríðar Benediksdóttur og um vorið 1983 unnu foreldrar, kennarar og nemendur stórvirki í frágangi lóðar, því þessi hópur setti upp „kastalann“ okkar, reiðhjólbrautir, sandkassa o.fl. Ein af ánægjulegum minningum þessa vetrar er verkefnavinna um „jólin í gamla daga“. Nemendur heimsóttu íbúa dvalarheimilisins Höfða, unnu verkefni með öfum og ömmum og við fengum góðar heimsóknir eldra fólks sem m.a. sagði

Framhald á næstu síðu



okkur frá jólahaldi í sinni æsku. Mér er ógleymanleg heimsókn Valbjargar Kristmundsdóttur þar sem nemendur hlustuðu hugfangnir á frásögn frá hennar æskujólum.

Sérgrainastofur

Á þriðja starfsári Grundaskóla haustið 1983 voru nemendur orðnir 322 og kennarar 20 í u.þ.b. 14 stöðugildum. Þetta ár hófst skólastarfið ekki fyrr en 16. september vegna framkvæmda. Kennsla hófst áður en framkvæmdum var lokið við sérgrainastofur á 1. hæð skólans. Hálfgerð vandræðaástand skapaðist þetta haust þar sem reiknað hafði verið með smíðastofu, myndmenntarstofu og tónmenntarstofu strax um haustið. Verfall opinberra starfsmanna varð til þess að skólastarfið féll niður um tíma og hafði ýmiss konar áhrif á skólastarfið í landinu.

Í lok október tókum við 4 sérgrainastofur í notkun og heimilisfræðistofa bættist síðan við á miðjum vetri. Þá fékk heilsugæsla skólans eigin aðstöðu. Þannig voru öll fyrstu árin stöðugar byggingarframkvæmdir með misjöfnum hraða þó en lokið var við 1. áfanga Grundaskóla að mestu árið 1985.

Það var mikið lán fyrir skólastarfið að í 1. byggingaráfanga voru margar af dýrustu kennslustofunum. Góð aðstaða fyrir smíða-, hannyrða- og myndmenntakennslu, auk heimilisfræðiaðstöðunnar þýddi að

skólinn fékk menntaða kennara í þessar sérgrainar og hefur því getað haldið uppi kennslu í öllum þessum greinum.

Skólinn er hannaður með það í huga að 1. hæð hans geti nýst til námskeiða- eða kvöldskólareksturs fyrir fullorðna jafnt sem börn. Þennan vetur gerðum við tilraun með það sem við kölluðum tómstundakvöld. Boðið var upp á fjölbreytt viðfangsefni eina kvöldstund, eins konar námskeið. Nemendur okkar voru velkomnir en með einu skilyrði, - þeir urðu að taka pabba, mömmu eða einhvern fullorðinn með sér. Þennan vetur voru krakkar og fullorðnir mörg kvöld við bakstur eða matseld í heimilisfræðistofu, grafíkvinnu í hannyrðastofu, tauprykk í myndmenntarstofu, svo eitthvað sé nefnt. Segja má að mjög góðar undirtektir þá tvo vetur sem þetta var reynt hafi kaffært okkur í vinnu og sprengt félagsstarfakvóta skólans svo þetta féll niður aftur.

„Lausar kennslustofur“

Veturinn 1985-1986 var 1. áfangi kominn að mestu í gagn. Enn voru gerðar nokkrar tilfæringar. Eldri árgangar kölluðu á sérhæfðari kennslu. Aðstaða til raungreinakennslu var engin í þessum áfanga og var því gripið til þess að ráðs að innrétta eina stofu sem líffræði-, eðlis- og efnafræðistofu

til bráðabirgða. Heilsugæsluherbergin voru strax tekin undir annað. Þar settum við skrifstofu skólans og skrifstofu yfirkennara og skólastjóra. Heilsugæsla skólans fékk ófrágengið salerni (nánast skáp) sem sína aðstöðu. Um veturinn stofnuðu grunnskólarnir ásamt tónlistarskóla skólahljómsveit, sem síðan hefur vaxið og dafnað og er orðin mikill bæjarsómi í dag.

Húsnæði skólans var fullnýtt og greinilegt að skólinn gat ekki bætt við sig heilum árgangi nemenda haustið 1986 án þess að til kæmi viðbótar húsnæði. Kennarar lögðust eindregið gegn bráðabirgðalausnum með tilvísun í reynslu annarra skóla og lögðu mikla áherslu á að ráðist yrði í byggingu 2. áfanga skólans. Mikil umræða hafði átt sér stað öll árin um aðstöðu grunnskólanna beggja. Fjölbrotaskólinn óx hraðar en nokkurn hafði óráð fyrir og vandræði sköpuðust með húsnæði fyrir gagnfræðastigið. Brekkubæjarskóli bjó við mjög þröngan kost og kennsla fór fram út um allan bæ.

Til lausnar á húsnæðismálum Grundaskóla veturinn 1986 - 1987 féllst Fjölbrotaskólinn á að lána svokallaðar lausar kennslustofur, hús (við kölluðum það alltaf skúr) með tveimur kennslustofum. Í þessum stofum kenndum við 6 ára nemendum einn vetur og skiluðum þá húsinu aftur, enda 2. áfangi skólans þá tilbúinn til notkunar og hægt að færa unglingadeildir skólans út í nýja húsnæðið.



Samningur um uppbyggingu grunnskólanna '86

Í húsnæðisvandræðum skólanna á þessum tíma var alltaf samstaða um að Grundaskóli fengi að byggjast upp skv. upphaflegri áætlun hvað varðar móttöku nemenda. Árlega var slagur á milli bæjaryfirvalda og skólamanna um forgang verkefna og hraða framkvæmda. Þessum slag má þó segja að hafi lokið með framkvæmdasamningi sem Akranesbær og ríki gerðu í maímánuði 1986. Þar var stillt upp nákvæmri framkvæmdaáætlun um uppbyggingu beggja grunnskólanna, fullnaðarfrágangi húsa og lóða. Í þessum samningi var gert ráð fyrir að 2. áfangi Grundaskóla yrði tekinn í notkun haustið 1987. Þetta haust má segja að skólinn hafi komist í það horf sem hann er í nú. 2. áfangi (B-hluti) var tekinn í notkun samkvæmt áætlun. Nýjar raungreinastofur komu með nýrri byggingu, eldri raungreinastofur breyttust í skrifstofur skólans. Heilsugæslan fékk aftur sitt húsnæði. Nemendafjöldi varð mestur 537 nemendur veturinn 1987 - 1988.

Íþróttahús og sundlaug

Haustið 1988 gátum við fært sund og leikfímkennslu upp í íþróttahús ÍA og Jaðarsbakkalaug. Þetta hafði í för

með sér stórbætta aðstöðu til íþróttaiðkana og aukna kennslu í þessum greinum. Oft er erfitt að kenna litlu krökkunum sund utan húss og höfum við því valið að láta 6 ára nemendur sækja sína sundkennslu niður í Bjarnalaug á mánaðarnámskeiði vor hvert.

Félagsstarf nemenda og ferðalög

Litlu krakkarnir okkar, sem byrjuðu 9 ára í skólanum haustið 1981, voru orðnir 15 ára unglingar með allar þær þarfir sem fylgja þeim aldurshópi þegar B-hluti var tekinn í notkun 1987. Nemendaráð tók til starfa og sá um skipulagningu félagsstarfs unglingadeilda undir stjórn kennara. Félagsstarf var skipulagt í samvinnu íþrótt- og æskulýðsnefndar og grunnskólanna og enn vinna þessir aðilar mjög náið saman. „Ópið hús“ er til skiptis í skólunum og Arnardal og gildir það sama um dansleiki fyrir elstu aldurshópana. Einnig eru bekkjarkvöld yngri bekkjanna fastur liður.

Strax frá upphafi fóru nemendur skólans í ýmis ferðalög. Leikhúsfærðir voru nokkuð reglulega og um leið og nemendur urðu eldri var farið í skíðaferðir. Marga síði og venjur tókum við með okkur frá Brekkubæjarskóla og hafa skólarnir alla tíð átt mjög gott samstarf. Sameiginlega endurreistu skólarnir gömlu „árshátíðarnar“, skemmtanir

nemenda sem fram fóru árlega í Bíóhöllinni. Segja má að árshátíð grunnskólanna sé orðinn fastur liður í bæjarlífinu.

Árlega fara bekkjardeildir eða heilir árgangar nemenda skólans námsferðir á sveitabæi, í heimsóknir í fyrirtæki og einn árgangur fer árlega í námsferð í Skátafell í Skorradal. Þar er náttúran skoðuð, þjálfuð eldamennska, ræðumennska o.fl. um leið og samstaðan er eflid. Annar árgangur fer síðan í skólabúðir í Reykjaskóla í Hrutafirði og þannig mætti lengi telja.

Fyrstu útskriftarnemarnir

Vorið 1988 útskrifaði Grundaskóli fyrstu nemendur sína með grunnskólaprófi. Krakkarnir sem höfðu rutt brautina öll árin frá 1981 kvöddu skólann. Skólastarfið hafði notið góðs af því hve samstilltur og skemmtilegur hópur þetta var og auðvitað höfðu krakkarnir notið þess að vera alltaf elstu nemendur skólans. Mikil umræða var um það í skólanum hvernig haga ætti útskrift frá Grundaskóla. Skólinn hafði aldrei verið settur formlega með nemendum og foreldrum. Skólastarfið byrjaði ár hvert á ræðu skólastjóra á fyrsta kennarafundi. Við höfum ekki haft aðstöðu til að safna nemendum skólans saman á einn stað nema með ærinni fyrirhöfn í íþróttahúsi ÍA eftir að það kom til. Við vildum samt

Framhald á næstu síðu



ekki gefast upp og töldum nauðsynlegt að halda upp á það að nemendur höfðu lokið 10 ára skólagöngu, höfðu lokið sínu skyldunámi. Leitað var til foreldra og þeir fengnir til aðstoðar við veitingar og að venju brugðust þeir vel við. Útskrif nemenda Grundaskóla varð að formlegum skólaslitum, þar sem allt starfsfólk skólans ásamt útskriftarnemum þiggja veitingar í boði foreldra. Útskriftinni fylgir einnig hefðbundinn ræðuflutningur skólastjóra og fulltrúa nemenda, kennarar kveðja bekkji sína, ýmsar viðurkenningar eru veittar o.fl. o.fl. Þetta eru mér einkar minnstæðar athafnir fyrir notalegt andrúmsloft og fallega umgjörð sem foreldrar hafa séð um.

Sérstaða Grundaskóla

10 ára saga er að baki. Um margt hefur Grundaskóli haft sérstöðu hvað varðar skólastarf og innra skipulag. Hið opna kennsluhúsnæði í eldri hluta skólans hræddi marga í upphafi, en við völdum frá byrjun að vinna með bekkjardeildir aldursskipti í allri almenntri kennslu. Sérstaða skólans er hins vegar fólgin í því valfyrirkomulagi sem hér tíðkast. Valsvæðafyrirkomulag í kennslu yngri barna á sér ekki hliðstæðu hér á landi og sama gildir raunar um val í list- og verkgreinum og íþróttum á unglingastigi. Skólinn hefur reynt að leita síns eigin vinnuskipulags til að ná markmiðum grunnskóla. Reynt hefur verið að

koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Þessu markmiði verður seint náð og engin ein vinnuaðferð er til, sem nær þessu markmiði. Við höfum talið okkur skylt að gera okkar besta og að leita sífellt betri og betri lausna í skólastarfinu vitandi það að lausn hvers tíma er engin allsherjar lausn. Grundaskóli hefur með starfi sínu vakið athygli meðal skólamanna og þær eru ófáar heimsóknirnar sem við höfum fengið frá starfsfólki annarra skóla, eða fyrirlestrarnir sem kennarar skólans hafa flutt á þingum og ráðstefnum um land allt. Þessari stöðu þarf skólinn að halda, en það verður ekki gert nema með mikilli vinnu og sífældri þróun.

Foreldrasamstarf

Saga fyrstu 10 ára skólastarfs í Grundaskóla verður ekki skráð án þess að minnst á samstarf við foreldra. Allt frá fyrstu dögum skólans komu foreldrar til samstarfs um ýmis verkefni og aðstoðuðu okkur við kennslu þegar mikið lá við t.d. í ferðalögum, jólafondri, þemavikum o.s.frv. Foreldrareru á hverju hausti kallaðir til funda um vetrarstarfið, þar sem kennarar kynna námsefni og viðfangsefni vetrarins. Þá tókum við upp það fyrirkomulag á vitnisburði að afhenda hann í viðtölum kennara, nemanda og foreldris. Þessi vitnisburðarviðtöl eru tvisvar á ári. Allt frá upphafi hafi foreldrar almennt verið mjög jákvæðir í garð skólans og



tekið virkan þátt í uppbyggingu skólalóðar svo eitthvað sé nefnt. Foreldrafélag hefur ekki verið starfandi við skólann og höfum við stundum sagt að við hefðum ekkert foreldrafélag en gott foreldrasamstarf. Reynsla af starfi foreldrafélaga hefur verið misjöfn. Með nýjum grunnskóla lögum er gert ráð fyrir formlegri rétti foreldra til setu m.a. á skólanefndarfundum og á kennarafundum og er unnið að því að mynda fulltrúaráð foreldra, eitt foreldri frá hverri bekkjardeild skólans, sem hægt er að kalla saman til skrafs og ráðagerða og til að velja foreldrafulltrúa þar sem þess er óskað. Enn er óákveðið hvort um formlegt foreldrafélag verður að ræða.

Nemendur skólans, unglingarnir í dag

Þegar lítið er til baka er mér efst í huga hve árekstralítið skólastarfið hefur verið. Auðvitað er misjafn sauður í mörgu fé en í heildina hafa jákvæð samskipti nemenda og kennara verið einkennandi fyrir skólastarfið. Samskiptin hafa verið frjálst og óþvinguð en byggð á gagnkvæmri virðingu allra aðila. Akranes hefur á þessum 10 árum gengið í gegnum gott tímabil í unglingastarfi, bæjarbragur hefur verið góður og vandamál með minnsta móti. Sjálfum finnst mér margt benda til að þetta sé að breytast og er því full ástæða til að vera vakandi fyrir því ástandi sem er

hverju sinni, móta sér skoðun og grípa inn í ef ástæða er til. Þarna reynir m.a. mikið á samstarf foreldra, skóla og nemenda.

Framtíðin

Í upphafi skólastarfs í Grundaskóla átti ég mér marga drauma og miklar væntingar. Margt hefur ræst en annað ekki. Draumarnir hafa líka sumir hverjir breyst. Enn á ég mér þó þann draum að hægt verði að reka hér einsetinn skóla, sem getur boðið nemendum sínum og starfsfólki upp á samfelldan skóladag. Skóla, sem jafnframt því að vera hefðbundin skólastofnun, verði félags- og menningarmiðstöð síns skólahverfis. Hér á allt að vera iðandi af lífi frá morgni til kvölds með öllum aldurshópum bæjarins við allskyns nám og leiki, námskeið og fundi, allt eftir þörfum og óskum hverju sinni. Við verðum á næstu árum að ná því markmiði að foreldrar geti sent börn sína af stað að morgni og vitað af þeim í öruggu umhverfi þar til vinnudegi foreldra lýkur, ef um útvinnandi foreldra er að ræða. Sambland dagvistar og skóla, einskonar skóladagheimilisrekstur í tengslum við skólastarfið myndi leysa þennan vanda samhliða fullnaðarfrágangi skólahúsnæðisins. Ein helsta ósk skólanum til handa á þessum tímamótum er að fljótt og vel verði lokið við að byggja "hjarta skólans", þ.e. kjarna skólans, sem hýsa á bókasafn, sal og félagsaðstöðu nemenda, vinnuaðstöðu kennara og húsvarðar og skrifstofur skólans. Slík viðbótarbygging myndi losa aðstöðu,

sem er hönnuð fyrir skóladagheimili eða líka starfsemi. Vonandi standa foreldrar, starfsmenn og bæjaryfirvöld saman um að ljúka byggingum skólans.


Lokaorð

Ég vil í lokin nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem hafa tengst Grundaskóla á einhvern hátt þessi fyrstu 10 ár í starfi hans. Þetta er auðvitað mjög stór hópur nemenda, foreldra og starfsmanna, sem hefur gert þessi ár svo ánægjuleg. Það hefur verið gæfa Grundaskóla hve gott starfsfólk hann hefur haft hverju sinni og hve góða nemendur við höfum haft. Skólinn hefur líka notið góðs af mjög góðu samstarfi við fræðslufyrirvöld, skólanefndir hvers tíma og ekki hvað síst fræðsluskrifstofuna í Borgarnesi og fræðslustjóra. Þá hefur samstarf við bæjaryfirvöld verið í heildina mjög jákvætt og þrátt fyrir ágreining um byggingarhraða hefur verið staðið vel að baki okkar starfi og ber að þakka það. Bestu árnaðaróskir til allra á þessum tímamótum og þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

TIL HAMINGJU MED AFMÆLIÐ!



AKRABORGIN Skallagrímur hf.	LJÓSMYNDSTOFA AKRANESS Vesturgötu 35, s. 12129	TRÉSMÍÐJAN AKUR HF.
AKRANESKAUPSTAÐUR	MAGNÚS H. ÓLAFSSON Arkitekt F.A.Í	trico
	 1 24 57 MÁLNINGARBÚÐIN	 TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF. VERSLUNARÞJÓNUSTAN KIRKJUBRAUT 3
BJARNI ÓLAFSSON	Olíufélagið hf  BREIDARGÖTU 1, PÓSTHÓLF 173, 300 AKRANES, ☎ 93-11394	VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF 
BLÓMAHORNÍÐ Skólabraut, s. 11301	ÓÐINN KIRKJUBRAUT 5, AKRANESI	VERSLUNIN BJARG
BLÓMARÍKIÐ Kirkjubraut 15, s. 12822	RAFVEITA AKRANESS	VERSLUNIN EINAR ÓLAFSSON
 EDALSTEINNINN Skólabraut 18 — Sími 1 33 33 Skartgripir - Skartgripaviðgerðir	RAUÐI KROSS ÍSLANDS	 VT-TEIKNISTOFAN
GÍSLI OG KRISTJÁN sf.	RAFTÆKJAVINNUSTOFA ÁRMANNSSONAR Sóleyjargötu 10, s.11929 	PORGEIR & ELLERT HF.
GRUNDARVAL Garðagrund 2, s. 11030	RÍKHARÐUR JÓNSSON Málara- og dúklagningarmeistari Heiðarbraut 53	 P.P.P. VÖRUFLUTINGAR
HAFÖRN HF. Vesturgötu 5, s. 12032	SEMENTSVERKSMÍÐJA RÍKISINS	3 VINIR OG 1 Í BAÐI
HARÐARBAKARÍ Kirkjubraut 54, 12399	Skagablaðið	PESSIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU BLAÐSINS UM LEIÐ OG ÞEIR ÓSKA GRUNDASKÓLA TIL HAMINGJU MEÐ 10 ÁRA AFMÆLIÐ
H.B. hf.	 11775 & 11776	
 REYNIR JÓHANSSON	 SKÓVINNUSTOFA AKRANESS Kirkjubraut 6A	
HREINGERNINGAÞJÓNUSTA VALS GUNNARSSONAR Vesturgötu 163, s. 11877	SJÓNGLERIÐ SKÓLABRAUT	
INN Römmun Karls Skólabraut 2	SORPHREINSUN Valgeirs Guðmundssonar	
LARS H. ANDERSEN Túlkur, skjalaþýðandi, leiðsögumaður Vesturgötu 24b, s. 12539	 SÖLUSKÁLINN SKÚTAN Þjóðbraut — S. 12061	



**Kjörbók Landsbankans - Góð bók
fyrir bjarta framtíð**  Landsbanki
Íslands
Banki allra landsmanna

Sparnaður er upphaf auðs

Það er nauðsynlegt og gaman að spara og safna þannig fyrir því sem mann langar í.

Gullbók og **Metbók** Búnaðarbankans eru verðtryggðir sparireikningar sem sameina hámarks öryggi og góða ávöxtun og eru einfaldir í notkun.

Öllum þykir gott að eiga góðar bækur.

Sýnið ráðdeild.



BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

– Traustur banki –

Útibú Akranesi – Sími 12700

Grundaskóli



16759462